

Um 1. Þessi upphæð er tekin til greina í aðalsök, eins og þar er nánar lýst.

Um 2. Gagnstefndur mótmælir þessari kröfu sem rangri.

Eftir því, sem fram hefur komið í málinu, virðist nefndur verðmismunur stafa af því, að saltið var ekki tekið strax við skips- hlið, eins og gert hafði verið ráð fyrir. Þar sem ekki verður séð, að gagnstefndur eigi neina sök á, að svo varð, þykir því bera að sýkna hann af héraðlútandi kröfu gagnstefnanda.

Úrslit gagnsakar verða því þau, að gagnstefndur verður sýkn- aður af kröfum gagnstefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Réttinn skipuðu: Hinn reglulegi formaður dómsins, og sjó- og verzlunardómsmennirnir Erling Ellingsen verkfræðingur og Þor- steinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndur, Magnús Andrésson, greiði aðalstefnanda, Andreas Godtfredsen, kr. 1535.14 með 6% ársvöxtum frá 2. febrúar 1942 til greiðsludags og kr. 200.00 upp í málskostnað í aðalsök.

Í gagnsök á gagnstefndur að vera sýkn af kröfum gagn- stefnanda, en málskostnaður þar falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. desember 1943.

Nr. 77/1943. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Ólafi Óskari Guðmundssyni

(Egill Sigurgeirsson).

Ölvun á almannafæri.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Ólafur Óskar Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Egils Sigurgeirssonar, 150 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. maí 1943.

Ár 1943, laugardaginn 29. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í fangahúsinu af fulltrúa sakadómara, Þórði Björnssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1637/1943: Valdstjórnin gegn Ólafi Óskari Guðmundssyni.

Mál þetta, sem tekið er til dóms í dag, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Óskari Guðmundssyni, til heimilis á Laufásvegi 35, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 1935 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 1930.

Kærði er kominn yfir lögdur sakamanna, fæddur 6. apríl 1917, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

Í Reykjavík.

- 1930 $\frac{1}{4}$ Kærður fyrir þjófnað.
 1931 $\frac{1}{8}$ Kærður fyrir þjófnað.
 1935 $\frac{2}{4}$ Sátt: 500 kr. sekt fyrir brot á 11. gr. laga nr. 64 1930.
 1935 $\frac{1}{8}$ Aðvörðun fyrir slagsmál á almannafæri.
 1935 $\frac{1}{10}$ Dómur hæstaréttar: 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi skilorðsbundið fyrir brot gegn 231. gr. 4. tl. og 239. gr. hegnl., sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 51 1928 og 55 gr. hegnl. með hliðsjón af 63. og 38. gr. sömu laga.
 1936 $\frac{2}{16}$ Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun, óspektir og ólöglegt áfengi í vörzlu.
 1937 $\frac{3}{8}$ Dómur aukaréttar: 14 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 245. gr. sbr. 48. gr. hegningarlaga.
 1937 $\frac{3}{8}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
 1938 $\frac{1}{12}$ Dómur aukaréttar: 10 mánaða betrunarhússvinna fyrir þjófnað.
 1939 $\frac{6}{8}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1939	$1\frac{1}{2}\%$	Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939	$2\frac{2}{5}\%$	Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940	$2\frac{1}{7}\%$	Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940	$1\frac{8}{10}\%$	Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940	$1\frac{2}{12}\%$	Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941	$\frac{6}{8}\%$	Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942	$\frac{6}{3}\%$	Sátt: 40 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942	$2\frac{1}{3}\%$	Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942	$\frac{6}{5}\%$	Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942	$3\frac{1}{7}\%$	Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942	$2\frac{8}{11}\%$	Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942	$\frac{9}{12}\%$	Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943	$\frac{1}{1}\%$	Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943	$\frac{9}{1}\%$	Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943	$1\frac{9}{1}\%$	Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og áflog.
1943	$\frac{7}{3}\%$	Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943	$2\frac{8}{4}\%$	Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943	$2\frac{8}{4}\%$	Sátt: Kærður fyrir ölvun í skipi. Fellt niður.
1943	$2\frac{0}{5}\%$	Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939	$1\frac{2}{8}\%$	Sátt á Siglufirði: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Með framburðum tveggja lögreglumanna og kærða sjálfs er sannað, að hann var hneykslanlega ölvður í Hafnarstræti í gærkvöldi. Þetta atferli kærðs varðar við 18. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930. Þykir refsing hans, með tilliti til þess að hér er um margitrekad brot að ræða, hæfilega ákveðin 500 króna sekt til ríkissjóðs (sic), og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málið hefur verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ólafur Óskar Guðmundsson, greiði 500 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 40 daga varðhald í sektarinnar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.